

79. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 11. september 2012 kl. 16:30 í húsnæði Héraðsskjalasafnsins að Digranesvegi 7.

Dagskrá:

1. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs.
2. Starfsmannamál.
3. Kynningarmál.
4. Skjalavörsluáætlun bæjarins.
5. Hugmyndir um samstarf við önnur sveitarfélög um rekstur héraðsskjalasafns.
6. Önnur mál.

Mættir Eiríkur Ólafsson, Helgi Þór Jónasson, Pétur Hrafn Sigurðsson, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Héraðsskjalavörður fór yfir drög að fjárhagsáætlun næsta árs, sem hafin er vinna við. Stefnt er að því að klára hana á næsta fundi.
2. Unnið er að fjölgun starfsmanna í samræmi við vöxt safnsins og aukna starfsemi þess.
3. Ræddar hafa verið hugmyndir um að gera vefsíðu fyrir safnið. Einnig að bjóða grunnskólum í Kópavogi að koma með nemendahópa í heimsókn.
4. Vinna við skjalavörsluáætlun bæjarins heldur áfram. Héraðsskjalavörður mun inna eftir viðbrögðum bæjarritara við drögum að áætluninni frá síðasta ári.
5. Stefnt er að því að kanna áhuga hjá nágrennasveitarfélögum um samstarf um rekstur héraðsskjalasafns. Stjórn lýsir yfir vilja til að koma á slíku samstarfi og felur formanni og héraðsskjalaverði að kynna sér þessi mál hjá nágrennasveitarfélögum.
6. Önnur mál.
  - a. Fengnar hafa verið að láni hjá Seltjarnarneskaupstað elstu fundargerðabækur hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps og byggingarnefndar hreppsins (til ársins 1948) til afritunar.
  - b. Héraðsskjalavörður hefur sótt um embætti þjóðskjalavarðar sem auglýst var laust til umsóknar í ágústbyrjun.
  - c. Félag héraðsskjalavarða verður með ráðstefnu á Akureyri 27. til 28. september. Þrír starfsmenn Héraðsskjalasafns Kópavogs munu sækja ráðstefnuna.

d. Viðburðir á vegum safnsins. Sett hafa verið upp fróðleiksskilti um Kópavogsþing og Kópavogsfund á þingstaðnum í tengslum við 350 ára afmæli Kópavogsfundarins ásamt þeirri dagskrá sem var 28. júlí í tilefni af því. Nýtt skilti um hernámsárin í Kópavogi var afhjúpað í ágúst sem unnið var að hluta á héraðsskjalasafninu. Ný sýning um Kópavogsbíó opnaði í skjalasafninu 10. september.

e. Söfnun skjala íþróttafélaga fer hægt af stað en nokkur félög hafa sýnt málinu áhuga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.